



Reykjavíkurborg

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	02.03.2018
Málakýll	14.40
Mál nr.	1803061



VEITUR

Reykjavík, 26. febrúar 2018

Efni: Innleiðing blágrænna regnvatnslausna í Reykjavík - Kynning á verkefni

Reykjavíkurborg og Veitur hafa tekið höndum saman við innleiðingu svokallaðra blágrænna regnvatnslausna í Reykjavík. Ráðgert er að ljúka fyrsta skrefi innleiðingar á þessu ári, en í því felst að vinna leiðbeiningar, breyta verklagi Veitna og Reykjavíkurborgar og rýna lög og reglugerðir í tengslum við þetta verkefni. Einnig er ráðgert að koma á laggirnar námskeiðum fyrir starfsfólk á þessu sviði.

Með þessu bréfi viljum við strax á fyrstu stigum kynna fyrir ykkur þetta verkefni, með það fyrir augum að geta leitað til ykkar og átt með ykkur farsælt samstarf við innleiðinguna.

Ávinningur innleiðingar blágrænna regnvatnslausna er margþættur, t.d. minna álag á fráveitukerfi, lægri stofn- og rekstrarkostnaður þeirra, hreinn regnvatn-, ár og lækir, heilbrigðara og gróðurríkara umhverfi, aukinn líffræðilegur fjölbreytileiki og aukin seigla borgarinnar gagnvart loftslagsbreytingum. Síðast en ekki síst þá sýnir reynsla þeirra borga sem innleitt hafa blágrænar regnvatnslausnir, að þær séu hagkvæmari en þær hefðbundnu þegar til langs tíma er litið.

Innleiðingin þýðir grundvallarbreytingu á afstöðu til regnvatns. Hún kallar einnig á breytta nálgun við skipulag byggðar og útfærslu fráveitukerfa, breytingar í samstarfi sérfræðinga á þeim sviðum og mögulega breytingar á lögum og reglugerðum. Mikilvægur þáttur innleiðingar er einnig að byggja upp almenna þekkingu á blágrænum regnvatnslausnum hjá fagfólki og stofnunum almennt, en þó ekki síst hjá almenningi og kjörnum fulltrúum sem þurfa að standa skil á þeim breytingum sem verða með þessari nýju nálgun. Reynsla Breta er sú að íbúar séu afar jákvæðir gagnvart blágrænum regnvatnslausnum þegar þeir eru virkjaðir til samstarfs við innleiðingu.

Lykillinn að farsælli innleiðingu er þverfaglegt samstarf í skipulags-, fráveitu- og umhverfismálum, með aðkomu þeirra sem sjá um græn svæði og með góðri samvinnu við íbúa. Þátttaka annarra stofnana, rannsóknarsamfélags og sérfræðinga er sömuleiðis afar mikilvæg í þessu metnaðarfulla verkefni.



Reykjavíkurborg



VEITUR

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg og Íris Þórarinsdóttir, tæknistjóri fráveitu hjá Veitum, leiða þessa innleiðingu. Ráðgjafarfirmið Alta sér um verkefnisstjórn. Alta hefur útbúið leiðbeiningar um blágrænar regnvatnslausnir í samstarfi við SAMORKU, sem [sjá má hér](http://goo.gl/Bbn6dh) (goo.gl/Bbn6dh). Alta hélt einnig utan um innleiðingu á blágrænum regnvatnslausnum í Urriðaholti í Garðabæ fyrir rúmum áratug og hefur síðan fylgst með þróun á þessu sviði.

Við hlökkum til samvinnu við ykkur í þeirri breytingastjórnun sem framundan er í tengslum við innleiðinguna og fögnum fyrirspurnum hvað hana varðar.

Virðingarfyllst

f.h. Veitna,

Íris Þórarinsdóttir

Íris Þórarinsdóttir, tæknistjóri fráveitu

f.h. Reykjavíkurborgar,

Ólöf Órvarsdóttir

Ólöf Órvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs